

Miðvikudaginn 19. nóvember 1941.

Nr. 95/1940. **Ingibjörg Tómasdóttir** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

Grími Gíslasyni og Njáli Andersen
 (Eggert Claessen).

Skaðabótamál út af útburði úr leiguíbúð.

Dómur hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. okt. 1940 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Fyrir hæstarétti hefur áfrýjandi hafið málið á hendur stefnda Njáli Andersen, en af hans hálfu hefur verið krafizt ómaksbóta. Ber að taka þá kröfu til greina, og þykja ómaksbæturnar hæfilega ákveðnar 60 krónur.

Á hendur stefnda Grími Gíslasyni hefur áfrýjandi gert þær kröfur, að hann verði dæmdur til að greiða henni kr. 2832.60 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá 11. marz 1940 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndur Grímur Gíslason hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdómarans fyrir því, að áfrýjandi eigi ekki kröfu til fébóta samkvæmt 1.—4. tölulið kröfugerðar hennar. Við niðurstöðu héraðsdómsins um 5. kröfuliðinn verður að sitja af þeirri ástæðu, að ekki hefur verið gagnáfrýjað. Kröfu áfrýjanda samkv. 6. tölulið um bætur fyrir óþægindi og miska, er útburðurinn hafi bakað henni, þykir bera að taka til greina, og teljast þær hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi Grímur Gíslason greiði áfrýjanda samtals kr. 600.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Um flutning málsins í héraði þykir það aðfinnsluvert, að

í réttarhaldi 11. apríl 1940 eru fyrst vitni leidd og því næst ákveðinn skriflegur málflutningur, áður en greinargerð er komin fram af hálfu stefndu. Þá er þess ekki gætt að veita aðiljum sameiginlegan frest til gagnasöfnunar áður málflutningur hefst, og þar með brotin 110. gr. laga nr. 85 frá 1936. Málið var og í mörgum atriðum illa upplýst, og hefði verið ástæða fyrir dómara að beita ákvæðum 114. og 115. sbr. 120. gr. nefndra laga. Verður að átelja dómara svo og málflytjendur í héraði, þá Friðþjóf G. Johnsen cand. jur. og Björn P. Kalman hrm., fyrir þessa málsmeðferð.

Því dæmist rétt vera:

Mál áfrýjanda, Ingibjargar Tómasdóttur, á hendur stefnda Njáli Andersen er hafið, og greiði áfrýjandi honum ómaksbætur, kr. 60.00.

Stefndi Grímur Gíslason greiði áfrýjanda kr. 775.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 11. marz 1940 til greiðsludags og samtals 600.00 kr. í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 27. júní 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júní síðastliðinn, er höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun með stefnu útgefinni 16. marz 1940 af Friðþjófi G. Johnsen, lögfræðingi, f. h. Ingibjargar Tómasdóttur gegn þeim Grími Gíslasyni, Vestmannabraut 11, og Njáli Andersen, Sólbakka, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum eða pro rata á skaðabótum að upphæð krónur 2832.60 auk 6% ársvaxta frá 14. maí 1939 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 388.00.

Stefndur Grímur Gíslason hefur mótmælt kröfum stefnandans og krafizt sýknu, og stefndur Njáll Andersen hefur mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt frávisunar eða sýknu í málinu, og báðir krafizt tildæmdan málskostnað.

Tildrög máls þessa eru þau, að um mánaðamótin ágúst—september 1938 eignaðist stefndur Grímur Gíslason íbúðarhúsið Hauka-berg hér í bæ. Fyrri eigandi var Eva Andersen, en fyrir hana

hafði bróðir hennar, stefndur Njáll Andersen, umsjón með húsinu og sölu þess.

Þegar eigendaskiptin urðu, bjó stefnandinn, Ingibjörg Tómasdóttir, í húsinu. Í októberbyrjun sneri hinn nýi húseigandi sér til fógeta og krafðist útburðar á Ingibjörgu úr húsnæði hennar. Úrskurður féll í málinu 12. des. á þá leið, að útburðurinn skyldi fara fram, og var gerðin framkvæmd 12. jan. 1939. Útburðargerðinni og úrskurðinum var síðan skotið til hæstaréttar, en það var hvorttveggja úr gildi felld með dómi hins háa réttar 29. september síðastliðinn.

Heldur stefnandinn fram, að samkvæmt þessu sé auðsætt, að útburðurinn hafi verið ástæðulaus og ólöglega að farið. Eigi hún því rétt á skaðabótum fyrir allt það tjón, er hún hafi beðið vegna þessara aðfara, og eru þær kröfur sundurliðaðar og rökstuddar sem hér segir:

1. Á vertiðinni 1939 hafi hún verið búin að lofa að selja 18 mönnum fæði, en vegna útburðarins lent í húsnæðishraki og loks fengið húsnæði á Vesturveg 20. Það hafi verið minna, svo hún gat ekki haft þar nema 10 menn.

Kaup við fæðissöluna reiknar hún sér 25 kr. á mánuði fyrir hvern mann, og því fyrir 8 menn til 14. maí tjón samtals kr. 900.00.

2. Skemmdir á húsgögnum reiknar hún kr. 30.00.

3. Veikindakostnaður vegna útburðarins utan sjúkrasamlags, þar á meðal ferð til Reykjavíkur, kr. 142.00.

4. Þar sem hún hafi verið borin út sjúk, hafi sóttin elnað, svo hún varð að taka sér aukastúlku frá $3\frac{1}{4}$ —3%, sem kostaði hana kr. 450.00.

5. Mismunur á tildæmdum málskostnaði í hæstarétti vegna útburðarmálsins og útlögðum kostnaði fyrir báðum réttum, kr. 310.60.

6. Bætur fyrir þjáningu, miska og lánstraustsspjöll, kr. 1000.00. En samtals gera þessir liðir dómkröfuna, kr. 2832.60.

Öllum þessum liðum hefur verið mótmælt af umboðsmanni stefndu og það rökstutt með ýmsum upplýsingum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, og skal nú vikið nánar að því.

1) Það er upplýst, að stefnandinn, Ingibjörg Tómasdóttir, hafði annað húsnæði, sem hún flutti í strax og útburðurinn hafði fram farið (Vesturveg 20). Hélt hún þar áfram fæðissöluinni, en telur sig ekki hafa getað haft fleiri en 10 í fæði, því húsnæðið hafi verið það minna.

Hins vegar verður að telja nægilega upplýst í málinu, að þetta húsnæði hafi ekki verið minna en það, sem hún vék úr á Haukabergi, og verður því eigi byggð bótakrafa á því atriði. Í málinu hafa verið leidd nokkur vitni, sem hafa borið það, að Ingibjörg hafi verið búin að lofa að selja þeim fæði, en í janúar 1939 hafi

þeir komið að máli við hana og hún skýrt þeim frá, að hún gæti ekki selt þeim fæði þá um veturinn, því úrskurðað hafi verið, að hana skyldi bera út úr húsnæði hennar að Haukabergi, en þar hefði hún ætlað sér að hafa fæðissöluna. Myndi hún af þessum ástæðum lenda í fyrrsjáanlegum húsnæðisskorti. Það er að visu ekki upplýst, hvenær Ingibjörg fékk hið nýja húsnæði, en það er fyrir 12. janúar, — og það ætti að hafa verið nægilega snemma til að hún gæti haldið áfram að selja vertiðarmönnum fæði, eins og um var að ræða í þessum tilfellum, en það er hrein undantekning, að þeir komi hingað fyrr en seinna, enda byrjar vertið hér ekki nú orðið fyrr en seint í þeim mánuði.

Rétturinn verður því að líta svo á, að Ingibjörg hafi því eigi þurft að hafna mönnum í fæði af þeim ástæðum, sem að framan er sagt, og verður sá liður skaðabótanna eigi tekinn til greina.

2) Það er ekki sannað, að neinar skemmdir hafi orðið á munum við útburðinn, og verður bótakrafa fyrir það því alls ekki tekin til greina.

3 og 4) Engar minnstu líkur eru fram færðar fyrir því í málinu, að útburðargerðin hafi verið framkvæmd á þann hátt, að skaðað gæti heilsufar Ingibjargar Tómasdóttur, jafnvel þó það hefði verið eins báglegt og stefnandinn heldur fram, og verða því engar bótakröfur byggðar á því.

5) Málskostnaður í hestarétti hefur verið tildæmdur með fyrrgreindum hestaréttardómi, en hins vegar þykir rétt að taka til greina kröfu um málskostnað við vörn útburðarmálsins í fógataréttinum, og þykir hæfilega metinn á kr. 75.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1940 til greiðsludags.

6) Engar röksemdir hafa verið bornar fram í málinu til styrktar bótakröfu fyrir miska, þjáningar eða lánstraustspjöll, og þykir ekki ástæða til að taka það til greina.

Njáli Andersen hefur einnig verið stefnt í þessu máli og gerðar kröfur á hendur honum.

En þar sem útburðargerðin fór fram eftir beiðni Grims Gíslasonar og á hans ábyrgð, verður hann einn sóttur til saka um kostnað og hugsanlegar skaðabætur, og ber því að sýkna Njál Andersen af öllum kröfum stefnandans.

Málskostnaður í þessu máli þykir hæfilega ákveðinn kr. 75.00 að því athuguðu, að stefnandinn vinnur það aðeins að litlu leyti og megnið af málf lutningnum hefur snúizt um kröfur þær, sem eigi hafa verið teknar til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur Njáll Andersen skal vera sýkn að kröfum stefnandans í þessu máli.

Stefndur Grímur Gíslason greiði stefnandanum, Friðþjófi

G. Johnsen f. h. Ingibjargar Tómasdóttur, kr. 75.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz síðastliðnum til greiðsludags og kr. 75.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. nóvember 1941.

Nr. 46/1941. **Verzlun Sigfúsar Sveinssonar**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Snæbirni Jónssyni (Enginn)

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er upp kveðinn af Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júní þ. á. Stefndi hefur hvorki komið né látið koma fyrir hæstarétt, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölu-lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt samkvæmt skjölum þess.

Áfrýjandi krefst þess, að hann verði sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Með bréfi 22. ágúst 1940 bar stefndi sig upp undan því, að áfrýjandi gerði sér ekki skil á bókaskuld, kr. 338.85. Hefði hann hvorki sinnt reikningum sínum né endursent sér bækur sínar, þegar þeirra var krafizt. Kvaðst stefndi þess vegna heimta greiðslu nefndrar fjárhæðar fyrir 14. sept. 1940 og afhenda málflytjanda sínum kröfuna til innheimtu að öðrum kosti. Þessu bréfi svaraði áfrýjandi ekki fyrr en með bréfi 10. okt. s. á., þar sem hann tjáist hafa afhent bóka-leifar stefnda tilgreindum manni í Neskaupstað, sem Hið íslenzka bóksalafélag hafi ráðið til að taka við bókum félagsins úr sinni hendi, en áfrýjandi virðist þá hafa hætt bóksölu. Nú er stefndi ekki í bóksalafélaginu og þurfti því